

Fréttir úr Tungumálaveri

Ef nemandi hefur náð góðum tókum á lestri á móðurmáli sínu flyst sú færni á milli tungumála svo fremi þau séu með sama ritkerfi.

Birna Arnbjörnsdóttir, 2007

Úr verinu

Pólska

- Á haustmisseri er áhersla er lögð á skapandi ritun. Nemendur skrifa bréf, stuttar sögur, hugleiðingar o.fl. og lesa síðan upp hvert fyrir annað í tímum.
- Nemendur geta mætt 30 mínútum fyrir tíma og fengið aðstoð við heimanám.
- Nýjar frjálislestrarbækur úr verkefninu "Kocham polską książkę" eða "Elska pólskar bækur" vekja áhuga og umræður hjá nemendum sem aðstoða við val á lesefninu.
- 3. nóvember kl. 15:30 - 16:50 verður pólskt Halloween fyrir nemendur í 9./10. bekk og fundur með foreldrum nemenda í 7./8. bekk dagana 8. og 9. nóvember.

Sænska

- Áherslupættir eru lestur, tal og orðaforði tengt þemanu: *Gamla og nya kändisar*.
- 10. nóvember kl. 15:30 - 17.00 hittast nemendur í 9./10. bekk. *Tema: Spökhistorier*.
- 15. og 16. nóvember fara nemendur í 7./8. bekk í norsku og sænsku á Norrænu bókasafnsvikuna í Norrænahúsinu.

Norska

Guðrún og Einar Farestveits fond efnir til verðlaunasamkeppni fyrir nemendur í 9./ 10. bekk í tengslum við þema um sögu og áhrif Noregs á heimskautasvæðunum sem fjarnemendur vinna í nóvember og tengist **Nansen-Amundsen áret 2011**. Nemendur læra um hlutverk Noregs í rannsóknum og nýtingu þessara landsvæða í fortíð og nútíð og framtíð—auk þess sem þeir kynnast afrekum heimskautakönnuðanna Nansens og Amundsens.

Áhugavert!

Smásagnakeppnin í ensku Úrslit úr smásagnakeppninni verða kynnt í bókasafni Hlíðaskóla, **3. nóvember**. Fjórtán smásögur voru valdar til úrslita: Fulltrúar í yngsta hópnum sendu inn teiknimyndasögur en eldri nemendur 2 - 4 síðna smásögur. Í flestum skólunum tóku allir nemendur þátt í undanúrslitum. Allir nemendur fengu viðurkenningarblað fyrir þátttökuna og Bókaútgáfan Salka gaf bókaverðlaun.

Kennslustofan

Sigrún Gestsdóttir er dönskukennari í Langholtsskóla. Í Rejselærereis hjørne á Tungumálatorgi segir hún frá kennslutofunni sinni, sem er bæði uppbyggileg, notaleg og er góð umgjörð um tungumálanámið. Vitað er að margar slíkar kennslustofur eru út um allt land. Óskað er eftir myndum/ myndbandsbútum úr fleiri tungumálakennslustofum og hugmyndum kennara um gott námumhverfi.

Tvítyngi: Böl eða blessun. Um skilyrði þess að tvítyngdum nemendum farnist vel í íslenskum grunnskólum.

Vakin er athygli á BEd-ritgerð þeirra Karlottu Sigurbjörnsdóttur og Súsönnu Finnbogadóttur. Ritgerðina er að finna á <http://skemman.is>

Tungumálatorg

Mobilen i undervisningen Námskeið um notkun farsíma í tungumálakennslu verður haldið í húsakynnum Menntavísindasviðs 23. nóvember í samvinnu við Félag dönskukennara og Siggú og Heimi í Hveragerði. Á námskeiðinu verður kynnt ýmis konar skipulag og inntak sem hentar í kennslu með farsíma og kennarar fá tækifæri til að kynnast því á eigin skinni. Námskeiðinu verður síðan fylgt eftir á Tungumálatorgi. Óskað er eftir að kennarar gefi sem allra fyrst til kynna áhuga á að taka þátt í námskeiðinu.



Brúin - samskiptaverkefni fyrir nemendur á Norðurlöndunum.

Verkefnið hóf göngu sína 28. október 2011 og stendur yfir í 5 vikur. Nemendur vinna fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem skilað verður hér á netinu. Kennarar eru hvattir til að stuðla að því að nemendur þeirra taki þátt. <http://tungumalatorg.is/bruin/>

Verkefnin eru bæði styrkt af **Den nordiske sprogkampagne**.

Kurs om lesestimulering og bruk av litteratur i undervisningen

Foreningen for norsk og svensk lærere på Island arrangerer kurs dagene 21. og 22. oktober i Tungumálaver. Foreleser var Gro Ulland fra Høyskolen i Bergen. Hun snakket om barne- og ungdomslitteratur med særlig vekt på den moderne bildeboka og ulike arbeidsmåter knyttet til bruken av bildebøker. Hun tok også for seg arbeid med leseforståelse ved lesing av tekster i ulike fag i en praktisk rettet forelesning som presenterer arbeidsmåter både før, under og i etterkant av tekstlesingen. Kennarar er hvattir til að senda kennsluráðgjöfum ábendingar um það sem þeim fannst áhugaverðast á námskeiðinu og hvað nýtist þeim í kennslu.

